



Stefna Íslandsbanka um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna

3. október 2022



Stefna um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna

Skjalið var samþykkt á fundi stjórnar sem haldinn var í Kópavogi, 3. október 2022 og er undirritað með rafrænum hætti af stjórn bankans.

Finnur Árnason, stjórnarformaður

Anna Þórðardóttir

Ari Daníelsson

Frosti Ólafsson

Guðrún Þorgeirsdóttir

Heiðrún Jónsdóttir

Tanya Zharov



Útgáfa	Breytingar	Breytt af	Yfirfarið eða staðfest af	Dagsetning
1.3	Uppfærsla	Dagmar Clausen	Stjórn Íslandsbanka	03.10.2022
1.2	Uppfærsla	Dagmar Clausen og Margrét Berg Sverrisdóttir	Stjórn Íslandsbanka	05.05.2021
1.1	Uppfærsla	Dagmar Clausen	Stjórn Íslandsbanka	11.03.2020
1.0	Fyrsta útgáfa	Dagmar Clausen og Margrét Berg Sverrisdóttir	Stjórn Íslandsbanka	11.12.2018

Allur réttur áskilinn. Skjalið að hluta eða í heild sinni má ekki afrita, vista í skjalabanka, eða áframsenda, að neinu leyti eða á neinn hátt, þ.á m. ljósritun eða upptökur, nema með fyrirfram skriflegu samþykki Íslandsbanka hf., eða samkvæmt beinni lagaheimild.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	2
2	Hæfi lykilarfsmanna	2
3	Mat á hæfi lykilarfsmanna.....	3
4	Mat á hæfi regluvarðar	3
5	Mat á hæfi innri endurskoðanda.....	3
6	Hæfi ráðgefandi nefnda bankastjóra.....	3
7	Ráðstafanir til úrbóta.....	4
8	Upplýsingagjöf	4
9	Ráðning lykilarfsmanna	4
10	Hæfi stjórnar og bankastjóra	5
11	Mat á hæfi stjórnar og bankastjóra	5
12	Tilnefning stjórnarmanna og ráðning bankastjóra	6
13	Fjölbreytileiki í stjórn, framkvæmdastjórn og meðal lykilarfsmanna	6
14	Fræðsla stjórnarmanna, bankastjóra og lykilarfsmanna	7
15	Nánari framkvæmd og verklag	7
16	Innleiðing og innra eftirlit	7



1 Inngangur

Íslandsbanki hf. (hér eftir bankinn) ber ábyrgð á að tryggja að stjórnarmenn, bankastjóri og lykilstarfsmenn uppfylli á hverjum tíma þær hæfiskröfur sem gerðar eru til þeirra lögum samkvæmt. Stefnu þessari er ætlað að endurspeglar viðeigandi kröfur laga og viðmiðunarreglna um mat á hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna Íslandsbanka hf. og dótturfélaga bankans. Stefnan er liður í skuldbindingu bankans um góða stjórnarhætti og ætlað að takmarka rekstrar- og orðsporsáhættu bankans.

1.1. Tilgangur og markmið

Markmið stefnu þessarar er að stjórn, bankastjóri og lykilstarfsmenn bankans uppfylli á hverjum tíma viðeigandi hæfiskilyrði og stuðla að því að einstaklingar með fjölbreytta reynslu gegni störfum stjórnarmanna, bankastjóra og lykilstarfsmanna. Jafnframt að umgjörð um skipun og/eða ráðningar framangreindra einstaklinga sé í samræmi við viðeigandi lagakröfur sem gerðar eru til starfsemi bankans

Tilgangur stefnu þessarar er að skilgreina hæfiskilyrði stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna bankans, reglur við val á einstaklingum í framangreindar stöður og við gerð áætlunar um eftirmenn.

1.2. Gildissvið

Stefna þessi skal gilda um stjórn, bankastjóra, lykilstarfsmenn bankans og viðeigandi aðila innan samstæðu.

1.3. Skilgreining á lykilstarfsmanni

Lykilstarfsmaður er sá einstaklingur í stjórnunarstarfi innan bankans, annar en bankastjóri, sem stöðu sinnar vegna getur haft veruleg áhrif á stefnu fyrirtækisins. Stjórn bankans skilgreinir á hverjum tíma hvaða starfsmenn teljast vera lykilstarfsmenn. Hefur stjórnin skilgreint lykilstarfsmenn sem þá starfsmenn sem sæti eiga í framkvæmdastjórn bankans, þá starfsmenn sem sitja í áhættustefnunefnd auk innri endurskoðanda.

Regluvarsla heldur utan um skrá er telur upp hvaða starfsmenn það eru á hverjum tíma.

1.4. Lagarammi

Um starfsemi bankans gilda m.a. lög um hlutafélög nr. 2/1995 og lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (ffl.). Við mat á því hvort fjármálafyrirtæki uppfylli kröfur og skilyrði viðeigandi ákvæða ffl. hefur Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (FME) m.a. hliðsjón af Leiðbeinandi tilmælum FME um hæfi lykilstarfsmanna nr. 3/2010 og viðmiðunarreglum Evrópsku Bankaeftirlitsstofnunarinnar um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja og sameiginlegum viðmiðunarreglum EBA og Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnunarinnar (ESMA) um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja. Tekur stefna þessi mið af framangreindum lögum, viðmiðunarreglum ásamt viðeigandi tilmælum FME.

2 Hæfi lykilstarfsmanna

2.1 Hæfiskilyrði laga um fjármálafyrirtæki

Lykilstarfsmenn skulu, á hverjum tíma, uppfylla hæfiskilyrði 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

2.2 Gott orðspor, heiðarleiki, og heilindi

Lykilstarfsmenn skulu, á hverjum tíma, hafa gott orðspor, starfa af heiðarleika, heilindum og fagmennsku.

2.3 Fullnægjandi þekking, hæfni og reynsla

Lykilstarfsmenn skulu, á hverjum tíma, hafa yfir að ráða fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.



3 Mat á hæfi lykilstarfsmanna

- 3.1 Lykilstarfsmenn skulu, hver um sig, á hverjum tíma uppfylla skilyrði stefnu þessarar um hæfi. Bankastjóri skal við ráðningu lykilstarfsmanna, að undanskildum innri endurskoðanda, leggja mat á hæfi þeirra.
- Lykilstarfsmenn, að undanskildum innri endurskoðanda og regluverði, skulu standast hæfismat vegna starfs síns sem regluvörður og innri endurskoðandi framkvæma innan ó mánaða frá ráðningu.
- 3.2 Mat á hæfi lykilstarfsmanna skal vera framkvæmt, eða e.a. endurtekið sérstaklega:
- ef upp kemur vafi um hæfi lykilstarfsmanns;
 - við veitingu starfsleyfis og eftir atvikum við breytingar á þegar veittum starfsleyfum;
 - þegar nýir lykilstarfsmenn taka við;
 - þegar nauðsyn krefur vegna aðstæðna sem geta haft veruleg áhrif á hæfi lykilstarfsmanns;
 - sé lykilstarfsmaður fluttur til í annað lykilstarf og skal þá bankastjóri í samráði við regluvörslu ákveða hvort hæfismat skuli fara fram.
 - þegar rökstuddur grunur er um að bankinn hafi verið notaður til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka; tilraun gerð til þess; eða talin er aukin hættu á slíku; eða
 - þegar orðspor lykilstarfsmanns hefur beðið hnekki.

4 Mat á hæfi regluvarðar

- 4.1 Bankastjóri leggur mat á hæfi regluvarðar. Mat á hæfi regluvarðar skal vera framkvæmt í samræmi við grein 3.2 og liggja fyrir við ráðningu hans.
- 4.2 Regluvörður skal á hverjum tíma uppfylla hæfiskilyrði lykilstarfsmanna skv. 2. gr. stefnu þessarar, viðeigandi hæfiskilyrði leiðbeininga ESMA¹ um tilteknar kröfur til regluvörslu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um markaði fyrir fjármálagerninga² og hæfiskilyrði EBA varðandi hlutverk regluvarðar er varðar varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka³.

5 Mat á hæfi innri endurskoðanda

- 5.1 Stjórn leggur mat á hæfi innri endurskoðanda. Mat á hæfi innri endurskoðanda skal vera framkvæmt í samræmi við grein 3.2 og liggja fyrir við ráðningu hans.
- 5.2 Innri endurskoðandi skal á hverjum tíma uppfylla hæfiskilyrði 2. mgr. 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki og siðareglur alþjóðasamtaka innri endurskoðanda, eins og þær eru á hverjum tíma.

6 Hæfi ráðgefandi nefnda bankastjóra

- 6.1 Ráðgefandi nefndir bankastjóra skulu leggja mat á sameiginlegt hæfi nefndarinnar og einstakra nefndarmanna til þess að sinna hlutverki sínu samkvæmt erindisbréfi og upplýsa bankastjóra um niðurstöður matsins.

¹ ESMA Guidelines on certain aspects of the MiFID II compliance function requirements 06/04/2021 ESMA35-36-1952.

² Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins [2014/65/ESB](#) frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun [2002/92/EB](#) og tilskipun [2011/61/ESB](#).

³ Guidelines on policies and procedures in relation to compliance management and the role and responsibilities of the AML/CFT Compliance officer under Article 8 and Chapter VI of Directive (EU) 2015/849.



- 6.2 Mat á sameiginlegu hæfi ráðgefandi nefnda bankastjóra skal vera framkvæmt, eða e.a. endurtekið sérstaklega, þegar breytingar verða á samsetningu nefndarinnar eða þær breytingar verða á hlutverki nefndarinnar eða í stjórnskipulagi bankans sem kunna að kalla á slíkt endurmat.
- 6.3 Ráðgefandi nefndir bankastjóra skulu njóta aðstoðar mannauðssviðs við framkvæmd matsins.
- 6.4 Komi í ljós annmarkar á sameiginlegu hæfi nefnda eða hæfi einstaka nefndarmanna samkvæmt framangreindu skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til úrbóta innan hæfilegs tíma í samráði við bankastjóra.

7 Ráðstafanir til úrbóta

- 7.1 Sé niðurstaða mats á hæfi stjórnarmanns, bankastjóra eða lykilstarfsmanns að viðkomandi sé ekki hæfur til að gegna stöðu sinni í samræmi við stefnu þessa skal viðkomandi ekki vera skipaður eða e.a. ráðinn til starfans og annar hæfur aðili fenginn í stað viðkomandi.
- 7.2 Megi með einföldum hætti bæta úr minniháttar annmörkum varðandi þekkingu, hæfni og reynslu viðkomandi skal stjórn eða bankastjóri e.a. gera kröfur um viðeigandi ráðstafanir þar að lútandi innan hæfilegs tíma svo viðkomandi geti talist hæfur skv. stefnu þessari.
- 7.3 Teljist stjórn ekki sameiginlega hæf í samræmi við stefnu þessa skal stjórn gera viðeigandi ráðstafanir til þess að bæta úr annmörkum þar á innan hæfilegs tíma.

Viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni geta m.a. falið í sér breytingar á verkaskiptingu innan stjórnar eða framkvæmdastjórar, breytingar á skipun, ráðstafanir til að draga úr hagsmunaaðrekstrum, þjálfun og fræðslu fyrir stjórn, framkvæmdastjórn eða einstaka meðlimi.

8 Upplýsingagjöf

- 8.1 Upplýsa skal FME um niðurstöður mats á nýjum bankastjóra, nýjum stjórnarmeðlimi, mati á stjórn sem heild við mannbreytingar í stjórn, endurmati sem fer fram í tilefni af verulegum breytingum í samræmi við stefnu þessa og árlegu hæfismati stjórnar og bankastjóra. FME skal jafnframt upplýst um niðurstöður mats á hæfi regluvarðar, innri endurskoðanda, framkvæmdastjóra áhættustýringar og fjármálastjóra.
- 8.2 Bankastjóri skal upplýsa stjórn um niðurstöður mats á hæfi lykilstarfsmanna og regluvarðar samkvæmt greinum 3. og 4. að ofan.
- 8.3 Starfsmaður sem gegnir lykilstarfi skal veita allar þær upplýsingar er varðað geta mat á hæfi samkvæmt stefnu þessari og upplýsa regluvörð og mannauðssvið um allar þær breytingar sem kunna að verða á högum hans og varðað geta hæfi samkvæmt stefnu þessari.

9 Ráðning lykilstarfsmanna

- 9.1 Bankastjóri hefur með höndum ráðningu og uppsögn lykilstarfsmanna. Þó skal stjórn staðfesta ráðningu og uppsögn regluvarðar og framkvæmdastjóra áhættustýringar, að tillögu bankastjóra.
- 9.2 Stjórn ræður innri endurskoðanda sem heyrir beint undir stjórn.
- 9.3 Bankastjóri skal upplýsa innri endurskoðanda, regluvörð og lögfræðisvið um breytingar á lykilstarfsmönnum.



10 Hæfi stjórnar og bankastjóra

10.1 Hæfiskilyrði laga um fjármálafyrirtæki

Stjórnarmenn, hver um sig, og bankastjóri skulu, á hverjum tíma, uppfylla hæfiskilyrði 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

10.2 Fullnægjandi tími

Stjórnarmenn og, bankastjóri skulu verja fullnægjandi tíma í störf sín.

10.3 Fullnægjandi þekking, hæfni og reynsla

Stjórnarmenn og bankastjóri skulu þekkja og skilja innviði og uppbyggingu bankans, þ.m.t. helstu áhættuþætti. Í þessu felst m.a. viðkomandi hafi skilning á starfsemi bankans, þó svo að viðkomandi sé ekki einn og sér ábyrgur fyrir þeim tiltekna þætti.

Stjórnarmenn og bankastjóri skulu hafa skilning á stjórnarháttum bankans og hlutverki sínu og skyldum. Jafnframt, eftir því sem við á, skulu þau hafa skilning á skipulagi bankans á samstæðugrunni og hugsanlegum hagsmunaárekstrum sem af því kunna að stafa.

Stjórnarmenn og bankastjóri skulu einnig stuðla að innleiðingu á viðeigandi menningu, gildum og siðareglum innan bankans.

10.4 Hæfi bankastjóra og sameiginlegt hæfi stjórnar

Bankastjóri og stjórn, sem heild, skulu búa yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að hafa skilning á starfsemi bankans, þar á meðal helstu áhættuþáttum í starfsemi hans.

Bankastjóri og stjórn, sem heild, skulu vera hæf til þess að taka viðeigandi ákvarðanir m.t.t. viðskiptamóðels, áhættuþátta, stefnu og á þeim markaði sem bankinn starfar.

Stjórn skal, sem heild, vera til þess bær að leggja gagnrýnt mat á ákvarðanir bankastjóra.

10.5 Gott orðspor, heiðarleiki og heilindi

Stjórnarmenn og bankastjóri skulu hafa gott orðspor, starfa af heiðarleika, heilindum og fagmennsku.

10.6 Sjálfstæði í hugsun

Stjórnarmenn og bankastjóri skulu vera sjálfstæðir í hugsun til þess að geta með skilvirkum hætti metið, gagnrýnt og haft viðeigandi eftirlit með ákvarðanatöku.

10.7 Óháðir stjórnarmenn

Meirihluti stjórnarmanna skal vera óháður bankanum.

11 Mat á hæfi stjórnar og bankastjóra

11.1 Stjórnarmenn, bankastjóri skulu, hver um sig, á hverjum tíma uppfylla skilyrði stefnu þessarar um hæfi.

11.2 Stjórn skal árlega leggja mat á sameiginlegt hæfi stjórnar og einstakra stjórnarmanna í samræmi við starfsreglur stjórnar og skal við slíkt mat njóta aðstoðar mannauðssviðs. Mat á hæfi einstakra stjórnarmanna, og eftir atvikum stjórnar sem heild, skal vera framkvæmt, eða e.a. endurtekið sérstaklega:

- i) við veitingu starfsleyfis og eftir atvikum við breytingar á þegar veittum starfsleyfum;



- ii) þegar breytingar verða á samsetningu stjórnar;
 - iii) við endurkjör stjórnarmanna, hafi hæfisskilyrði til starfans breyst frá síðasta kjöri;
 - iv) við það að stjórnarmaður hætti í stjórn;
 - v) þegar rökstuddur grunur er um að bankinn hafi verið notaður til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka; tilraun gerð til þess; eða talin er aukin hættu á slíku.
- 11.3** Stjórn skal árlega leggja mat á hæfi bankastjóra. Mat á hæfi bankastjóra skal vera framkvæmt og liggja fyrir við ráðningu.
- 11.4** Mat á hæfi einstakra stjórnarmanna og bankastjóra skal jafnframt endurskoðað við eftirfarandi aðstæður:
- i) þegar upp koma áhyggjur varðandi hæfi bankastjóra, stjórnar sem heild eða einstakra stjórnarmanna;
 - ii) þegar orðspor bankastjóra, stjórnarmanns eða bankans hefur beðið hnekki, þ. á m. í tilvikum þar sem stjórnarmaður eða bankastjóri hefur ekki fylgt stefnu bankans um ráðstafanir gegn hagsmunárekstrum;
 - iii) í tengslum við endurskoðun stjórnar á innra stjórnskipulagi bankans;
 - iv) við aðrar aðstæður sem geta haft veruleg áhrif á hæfi bankastjóra eða stjórnarmanna; og
 - v) þegar stjórnarmaður eða bankastjóri tekur að sér nýtt starf eða önnur trúnaðarstörf sem geta haft áhrif á mat á því hvort hann hafi fullnægjandi tíma til að sinna starfi sínu.
- 11.5** Mat á hæfi stjórnar sem heild skal endurskoðað við eftirfarandi aðstæður:
- i) Þegar verulegar breytingar verða á viðskiptalíkani, áhættuþáttum, stefnu eða skipulagi bankans á samstæðugrunni;
 - ii) í tengslum við endurskoðun stjórnar á innra stjórnskipulagi bankans;
 - iii) við aðrar aðstæður sem geta haft veruleg áhrif á hæfi bankastjóra eða stjórnarmanna.

12 Tilnefning stjórnarmanna og ráðning bankastjóra

- 12.1** Samkvæmt samþykktum Íslandsbanka skal bankinn hafa starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það hlutverk að tilnefna einstaklinga í stjórnarsetu í félaginu á aðalfundi félagsins, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.
- 12.2** Á meðan hlutafé Íslandsbanka er að einhverju leyti í eigu íslenska ríkisins skal Bankasýsla ríkisins tilnefna til kjörs stjórnar það hlutfall stjórnarmanna sem samsvarar eignarhluta ríkisins þegar kjör stjórnar fer fram. Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar sérstaka valnefnd skv. 7. gr. laga nr. 88/2009 og tilefnir hún fulltrúa til kjörs í stjórn bankans.
- 12.3** Stjórn hefur með höndum ráðningu og uppsögn bankastjóra. Stjórn samþykkir, að tillögu bankastjóra, hver skuli vera staðgengill hans.

13 Fjölbreytileiki í stjórn, framkvæmdastjórn og meðal lykilstarfsmanna

- 13.1** Samsetning stjórnar, framkvæmdastjórnar bankans og lykilstarfsmanna skal á hverjum tíma vera fjölbreytt m.t.t. menntunar, starfsreynslu, kyns og aldurs.
- 13.2** Tryggt skal að ekkert kyn sé svo ráðandi í stjórn að hlutfall þess fari yfir 60%. Stefnt skal að því að ekkert kyn sé með yfir 60% hlutfall í framkvæmdastjórn.



- 13.3 Mannauðssvið skal tryggja að á vettvangi stjórnar sé árlega rætt um aðgerðir bankans til að framfylgja stefnu bankans um fjölbreytileika.

14 Fræðsla stjórnarmanna, bankastjóra og lykilstarfsmanna

- 14.1 Bankinn skal verja fullnægjandi fjármunum og mannafla til þess að kynna starfsemi bankans fyrir stjórnarmönnum, bankastjóra og lykilstarfsmanna bankans og tryggja að þeir hljóti viðeigandi þjálfun til starfans.
- 14.2 Nýkjörnir stjórnarmenn, nýráðinn bankastjóri eða lykilstarfsmenn skulu fá allar lykilupplýsingar um rekstur bankans við upphaf starfs og skal fræðslu til þeirra lokið innan 6 mánaða frá ráðningu.
- 14.3 Ár hvert skal mannauðssvið, í samráði við stjórn og bankastjóra, setja saman fræðsluáætlun bæði fyrir stjórn og lykilstarfsmenn bankans sem byggir á hæfismati samkvæmt stefnu þessari. Markmið fræðsluáætlunar er að dýpka þekkingu og hæfni stjórnar og lykilstarfsmanna í takt við niðurstöður hæfismats skv. framangreindu.
- 14.4 Fræðsluáætlun skal taka mið af, og vera uppfærð til að bregðast við, breytingum á stefnu bankans, breytingum á viðeigandi lögum eða öðrum breytingum á þeim markaði sem bankinn starfar.
- 14.5 Stjórnarmenn, bankastjóri og lykilstarfsmenn, hver um sig, geta óskað eftir fræðslu í tengslum við starf sitt hjá bankanum eftir því sem þeir meta nauðsynlegt hverju sinni. Bankastjóri leggur mat á beiðnir um fræðslu og starfsþjálfun af hálfu lykilstarfsmanna. Starfsreglur stjórnar fjalla um leiðsögn og fræðslu stjórnarmanna.

15 Nánari framkvæmd og verklag

Við framkvæmd mats samkvæmt stefnu þessari skal tekið mið af viðeigandi ákvæðum sameiginlegra viðmiðunarreglna Evrópsku Bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópska verðbréfaeftirlitsins um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja, viðeigandi leiðbeinandi tilmælum FME ásamt öðrum viðeigandi lögum og reglum sem gilda um efnið á hverjum tíma.

Mat samkvæmt stefnu þessari og niðurstöður þess skulu vera skjalfest með viðeigandi hætti.

Lögfræðisvið hefur með höndum samskipti við eftirlitsaðila í tengslum við stefnu þessa.

16 Innleiðing og innra eftirlit

Bankastjóri ber ábyrgð á innleiðingu stefnu þessarar.

Innri endurskoðun skal meta skilvirkni stefnunnar ásamt uppbyggingu og innleiðingu hennar.